

Lokaferðalag 10. bekkjar vor 2022

Ferð um Snæfellsbæ



Núna á vordögum, nánar tiltekið í 31. maí 2022 fór 10. SJS í ferð um Snæfellsbæ þar sem nokkrir þekktir staðir í Snæfellsbæ voru heimsóttir. Ferðin tengdist áttahagaverkefninu *Minn staður í Snæfellsbæ*, auk þeirra staða sem nemendur sögðu frá og heimsóttu var farið á Saxhól, Malarrif, Laugarbrekku og að stytta Guðríðar Þorbjarnardóttur. Einnig var farið að Hellnum og þaðan gengið yfir á Arnarstapa. Gönguleiðin á milli Hellna og Arnarstapa tekur u.þ.b. 40 mín í fallegu umhverfi meðfram strandlengjunni. Gangan var ekki erfið og nutu nemendur sín í hæglætis veðri. Þegar komið var á Arnarstapa var stoppað við styttuna af Bárði Snæfellsáss, farið yfir sögu hans og síðan var snæddur hádegisverður á Arnarstapa. Síðasti áfangastaðurinn var Rauðfeldargjá sem staðsett er rétt austan við Arnarstapa. Gjáin er mjög djúp eða um 406 m og skerst hún inn í austanvert Botnsfjall. Á bílplaninu við gjánna er upplýsingaskilti og lásu tveir nemendur söguna af því þegar Bárður Snæfellsás henti Rauðfeldi niður í gjánna.



Farið var vel yfir sögusvið staðanna sem heimsóttir voru og eyddum við góðum tíma í að njóta og fræðast um þetta fallega og stórbrotna umhverfi sem Snæfellsbær hefur að geyma.

